

# Fundargerð Rallýráðs AKÍS

Fundur haldinn á Google Meet 21. júní 2020 kl. 19.10

Mættir Ingimundur Helgason, Garðar Gunnarsson, Aðalsteinn Símonarson.

Ísak Guðjónsson var forfallaður.

---

## Kosning formanns ráðsins

Stungið var uppá AS og sú tillaga samþykkt.

## Skipan í ráðið og reglugerð um það

Bílaklúbbur Skagafjarðar hefur ekki skipað fulltrúa í ráðið en á rétt á því þar sem klúbburinn hélt keppni 2018. GG mun hafa samband við forsvarsmenn BS og kanna hug þeirra til þátttöku í starfinu.

Verksvið ráðsins er samkvæmt reglugerð að fjalla um sérleiðarallý, sparakstur og nákvæmnisakstur. Garðar situr í ráðinu fyrir AÍFS, IH fyrir KK, IG fyrir AKÍS og AS fyrir BÍKR.

Stofnað hefur verið netfang fyrir ráðið, [rally@akis.is](mailto:rally@akis.is), og fá allir í ráðinu áframsendan allan póst sem berst á þetta netfang. Ákveðið að fá netfangið birt á akis.is á sama stað og sagt er hverjir skipa ráðið.

## Nákvæmnisakstur

Ein keppni er fyrirhuguð á árinu, 21. og 22. ágúst, og er hún á vegum KK. Verður keppnin hluti af heimsmeistaramóti FIA og hefur þar þrefalt stigavægi vegna lengdar.

Að álitu IH þarf ráðið ekki að fjalla um neitt eða koma að framkvæmd þessarar keppni, hún verður haldin samkvæmt reglum FIA og dómnefndarformaður kemur frá FIA.

## Heiti á flokki C

Keppnishaldarar í sérleiðarallý, AÍFS og BÍKR, hafa gert samning við AB varahluti um nafnið á flokki C-óbreyttir bílar án túrbínu. Byggir samningurinn á heimild í grein 1.e í reglum um flokkinn.

Keppnisráðið samþykkir samninginn fyrir sitt leyti þó hann sé seint fram kominn, en vekur athygli á að samkvæmt greinarreglum um rallý, grein 7.3, geta keppendur keypt sig undan auglýsingum keppnishaldara.

Einnig er áréttað að þau atriði samningsins sem lúta að keppni, þ.e. auglýsingakvaðir, verðlaun o.fl., þarf að geta um í sérreglum hvernar keppni meðan þau hafa ekki verið færð inní reglum um flokkinn.

## Skráning úrslita

Breytingar hafa verið gerðar á vinnulagi varðandi skráningu úrslita og utanumhald stiga til Íslandsmeistara. Nú er mótaforrit AKÍS útbúið þannig að keppnishaldarar geta skráð úrslit flokka og heilarúrslit inn og uppfærast þá stigatafla.

Ráðið er sátt við þessa breytingu er vekur athygli á að mikilvægt er að skrifstofa AKÍS leiðbeini og aðstoði keppnishaldara með framkvæmdina og yfirfari að allt birtist rétt.

## Undan og eftirfarar

Ábendingar og spurningar hafa komið til ráðsins varðandi undan- og eftirfara. Við skoðun kemur í ljós að leiðbeiningar og reglur um þátt þeirra og hlutverk eru ekki hluti af greinarregglum eða öðru sem rannar þetta inn heldur virðist framkvæmdin vera, og hafa verið til einhverra ára, byggð á hefð.

Ráðið mun fara í að útbúa leiðbeiningar og eða reglur en ítrekar að ávalt skuli vera tveir undanfarar og sá seinni ekki of langt á undan fyrsta bíl. Einnig að undan- og eftirfarar þurfa ávalt að aka í samræmi við gildandi lög og reglur, einnig hvað varðar hámarkshraða, líka á sérleiðum.

## Mæting í skoðun

Fram hafa komið ábendingar að eðlilegt sé að setja í reglur refsingu fyrir að mæta of seint til skoðunar með leifi dómnefndar. Málið var rætt og sameiginleg niðurstaða var ekki sé rétt að refsing

sé ákveðin í reglum, en því beint til dómnefnda að fara mjög sparlega með heimild til frestunar sem grein 3.5.2 veitir.

### **Vesti á ljósmyndara**

Ábending kom til ráðsins frá formanni AKÍS að nokkrir ljósmyndarar á síðustu keppni hafi ekki verið í einkennisvestum við myndatökur. Ráðið telur mikilvægt að greinin vinni í að reglur AKÍS séu virtar og beinir því til keppnishaldara að þeir setji sig í samband við þá aðila sem eru mikið að mynda og ítreki við þá að klæðast viðeigandi einkennisvestum og útvegi þau jafnvel.

### **Önnur mál**

- Æskilegt er að upplýsingatafla fyrir keppni sé á lokuðu svæði ef notast er við rafræna töflu. Opinn Facebook síða er afleitur kostur þar sem mikilvægar upplýsingar til keppenda geta týnst innan um ýmsar óviðkomandi umræður og innlegg.
- Ábending hefur komið um að æskilegt sé að eitthvert yfirvald taki út nýjar sérleiðir áður en þær eru eknar fyrsta sinni, með tilliti til hraða, öryggis o.fl. Keppnisráði er ekki á þeirri skoðun að þetta þurfi, eðlilegast sé að keppnishaldari hafi vald til að velja leiðir. Spurning sé hinsvegar hvort öryggisfulltrúi eða öryggisnefnd ættu að sinna einhverju svona hlutverki.
- Fram hefur komið hugmynd um að keppendur hverju sinni velji sér tengilið til að sinna samskiptum við keppnishaldara og í einhverjum tilfellum dómnefnd. Ráðið tekur jákvætt í hugmyndina og mun skoða með framkvæmd í næstu keppnum í samráði við keppnishaldara.

Fundi slitið kl. 20.47

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson